

Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðháttsafn

Frásagnir um ömmur



Spurningaskrá 121
2015

Inngangur.

Ég sem þetta skrifa, fæddist 20. febrúar 1938 og kynntist aldrei langöfum eða langömmum mínum, sem öll voru þá látin þá fyrir mörgum árum. Engu að síður heyrði ég ýmislegt um langömmurnar talað og myndaði mér skoðanir á þeim.

Langömmur í föðurætt voru :

1. **María Friðriksdóttir**, f. í Hrap্পstaðaseli í Bárðardal. ágúst 1841 og látin 27. nóvember 1914, á Sigurðarstöðum í Bárðardal.
2. **Anna Steinunn Einarsdóttir**, f. 9. janúar 1847 á Brú á Jökuldal og látin 22. júní 1910 í Kaupangi í Eyjafirði.

Langömmur í móðurætt voru:

1. **Þuríður Jónsdóttir**, f. í Skarðshlíð undir Eyjafjöllum 13. des. 1825, látin á Keldum á Rangárvöllum 23. okt 1898.
2. **Aldís Pálsdóttir**, f. á Brúnastöðum, Hraungerðishr., Árn. 24. ágúst 1832, látin í Hlíð í Gnúpverjahreppi, Árn. 14. des. 1904.

Ömmur mínar voru:

1. Föðuramma: **Jónína Sölvadóttir** f. á Brú í Jökuldal 22. apríl 1874 látin 23. júlí 1954, á Sigurðarstöðum í Bárðardal.
2. Móðuramma: **Svanborg Lýðsdóttir** f. 1. ágúst 1863 í Hlíð, Gnúpverjahreppi, Árn. látin 31. mars 1954 í Hemlu, V-Landeyjum, Rang.

Hér á eftir eru nokkur orð um langömmur mínar og þar á eftir er sagt frá ömmum mínum, sem ég kynntist nokkuð vel.

1. María Friðriksdóttir, langamma í föðurætt.

María Friðriksdóttir fæddist í Hrap্পstaðaseli á Fljótshéið, 15.8.1841. Foreldrar hennar voru Friðrik Þorgrímsson af Hraunkotsætt og Guðrún Einarsdóttir frá Álftagerði. Þau höfðu byggt bæinn þar upp úr auðninni. María var þriðja elsta sex systkina. Þau Jón (f.1.4.1844-d.8.11.1914) Jónsson í Baldursheimi í Mývatnssveit felldu hugi saman og giftu sig 29. september 1868, en þá var hún 27 ára gömul og hann 24 ára. Þau byrjuðu búskap í Baldursheimi og þar fæddust börn þeirra sex og Jón Jónsson yngri (f.23.2.1875 - d. 26.2.1935) afi minn var hið þriðja í röðinni. Þau hófu búskap á Sigurðarstöðum í Bárðardal vorið 1887, þegar Vigdís systir Mariu og maður hennar hættu þar búskap og fluttu með börn til Vesturheims.



↑ *María Friðriksdóttir*

María Friðriksdóttir var sögð hörkudugleg og vinnusöm og vinnudagur hennar var langur. Amma Jónína sagði mér að sagt hefði verið að börn hennar hefðu sagst aldrei hafa séð hana í rúminu, nema þegar hún lá banaleguna.

Jón Jónsson eldri lést á Sigurðarstöðum 8. nóv. 1914. Amma Jónína sagði mér, að María langamma hafi verið að þvo honum um höfuðið í gamla bænum á Sigurðarstöðum. Hann hafi þá orðið innkulsa, fengið lungnabólgu og látist af henni. María fylgdi honum til grafar, en veiktist við jarðarförina, en hún var talin hafa orðið innkulsa. Hún lagðist veik á kirkjustaðnum Lundarbrekku, en Baldur bróðir Jóns og mágur langömmu bjó þar.

María langamma fór ekki heim að Sigurðarstöðum aftur og lést 73 ára gömul á Lundarbrekku, hinn 27. nóv. 1914 og var jörðuð þar við hlið Jóns langafa.

2. Anna Steinunn Einarsdóttir, langamma í föðurætt.

Anna Steinunn fæddist 9. janúar 1847 á Brú og var fermd þar vorið 1861. Hún var 3. í röðinni 7 systkina. Á Brú bjuggu þá foreldrar hennar, þau Einar Einarsson, f. á Brú 21.5.1802, d. í Möðrudal 26.5.1881 og Anna Stefánsdóttir fædd árið 1820 í Desjamýrar-sókn í Borgarfirði eystra. Anna Steinunn var myndarleg og falleg stúlka og "ósköp blið og góð", sagði amma Jónína.

Vinnumaður kom að Brú, líklega um 1860, það var Sölvi Magnússon frá Nesi í Loðmundarfirði (f. 25.8.1837). Vorið 1865 var hann að verða 28 ára og heimasætan Anna Steinunn Einarsdóttir var nýlega orðin 17 ára, en þá þegar hafa þegar þau felld hugi saman og þar kom að því að Anna Steinunn varð ófrísk. Ekki fer sögum af því hver viðbrögð foreldra Önnu Steinunnar urðu, þegar þau Sölvi vinnumaður fóru að draga sig saman. og nú varð að hafa hraðar hendur og var drifið í því að koma þeim í búskap, en hugur þeirra unga parsins stóð til þess.

Svo vel vildi til, að Einar bóndi átti heiðarbýlið Grunnavatn á Jökuldalsheiði. Einar rýmdi jörðina til þess að setja dóttur sína og tengdason þar niður, en jarðnæði lá ekki á lausu fyrir ungt fólk sem vildi hefja búskap. Á Grunnavatni hófu þau búskap vorið 1865 og giftu sig á Brú hinn 9. okt. þá um haustið. Þá var Anna Steinunn komin 5 mánuði á leið af Einari Oddi eldra, fyrsta barni þeirra, sem fæddist heima hjá ömmu og afa á Brú hinn 29. janúar 1866. Sennilega hafa húsakynninn á Grunnavatni ekki verið hin bestu fyrir móður og litið barn, því amma og afa á Brú tóku drenginn í föstur og þar var hann alla sína stuttu fjögurra ára æfi. Amma Jónína sagði, að búskapurinn hefði gengið vel, faðir sinn hefði verið afbragðs fjármaður. Byrjað var smátt, en með dugnaði og hagsýni batnaði efnahagurinn.

Á Grunnavatni fæddust þeim sex börn og efnahagurinn lagaðist. Árið 1873 voru samkvæmt kirkjubókinni 9 manns í heimili hjá þeim, þar með talin 3 ung börn þeirra, tvö höfðu þau þá þegar misst ung, Einar Odd eldri (f.1866-d.1870) og Önnu Elísabetu eldri viku gamla 1867. Amma Jónína fæddist 24. apríl 1874 skömmu áður en þau fluttu að Klausturseli í Jökuldal, þar sem þau bjuggu til vors 1875, eftir að jarðir og sauðfjárhagar stórspilltust af öskufalli frá Öskjugosinu þá um veturinn.

Ílla horfði um framhald búskapar á Jökuldal og á Jökuldalsheiði, eftir Öskjugosið mikla sem hófst í janúar 1875, bæði hvað snerti fjárbeit og heyöflun, en Sölvi var talinn mikill og laginn fjármaður eins og áður sagði. Þau hjónin ákváðu að ráðlegast væri að flytja á brott og í annan landsfjórðung. Þau tóku því sig upp eins og fleiri á þessum landshluta og fluttu með 4 börn sín Guðrúnu Solveigu (1867-1945), Önnu Elísabetu (1869-1891), Einar Odd yngri og ömmu Jónínu, að Svinadal inn af Kelduhverfi og bjuggu þar til 1883. Í Svinadal fæddust 3 börn til viðbótar, það voru Hróðný Aðalbjörg (1876-1895), Ingibjörg (1878-1942) og Vilborg Þóra (1881-1884) sem lést 3 ára og í Svinadal misstu þau árið 1876 Einar Odd yngra tæplega 5 ára gamlan úr barnaveiki. Nærri má geta að þessi barnamissir hefur haft mikil áhrif á þau bæði. Amma Jónína sagði að faðir sinn hefði aldrei orðið samur maður eftir lát Einars Odds yngra.

Anna Steinunn Einarsdóttir ➔



Sölvi keypti jörðina Grímsstaði á Fjöllum vorið 1893 og þau bjuggu þar í 10 ár. Sagt er að á Grímsstöðum hafi hagur þeirra vænkast Sjá má að þar hefur Sölvi búið stóru búi og haft margt vinnuhjúa, en þegar hann flutti að Reykjahlíð, voru samtals 16 manns í heimili, þ.á.m. sex dætur þeirra, Guðrún Solveig, Anna Elísabet, Jónína, Hróðný Aðalbjörg, Ingibjörg, Vilborg Halldóra og Nikólína Sigurjóna, auk Guðrúnar Aðalbjargar Pétursdóttur fösturdóttir þeirra, sem þau tóku unga í föstur af fátækum hjónum sem skildu. Á Grímsstöðum fæddust 5 yngstu börn þeirra og þar létust fjögur börn, Vilborg Þóra 3 ára, andvana fæddur drengur 1883, Stefán vikugamall 1887 og Gunnlaugur tveggja vikna gamall 1890.

Anna Elísabet yngri var ráðskona í Viðidal á Fjöllum árið 1891. Hún var á ferð með pósti yfir Hólsfjöll og þá líklega til Vopnafjarðar um haustið, þegar ferðafólkið lenti í stórhrið og gróf sig í fönn. Anna Elísabet fékk lungnabólgu upp úr þessu og dó 18.10.1891 á Vopnafirði. Hún var jarðsett á Hofi í Vopnafirði hinn 27. okt. 1891. Í kirkjubók Hofs stendur: „Yngisstúlka 23 ára frá Grímsstöðum. Eigur engar“. Mikið hefur reynt á langömmu og langafa, sem urðu að horfa á eftir 9 börnum sínum í gröfina, fimm sonum og fjórum dætrum.

Sölvi Magnússon keypti 1893, jörðina Reykjahlíð, af Sigurgeiri Péturssyni (f. 24.4.1853) sem þá flutti til Vesturheims og þau Anna Steinunn fluttu þangað vorið 1893 með fjölskyldu sína frá Grímsstöðum. Í afsalsbréfinu kemur fram, að sú kvöð fylgdi kaupunum, að faðir seljandans, Pétur Jónsson (f.18.4.1818-d.5.10.1906) byggði á 1/5 hluta heima-jarðarinnar sem Sölvi hafði þó einnig keypt.

Sagan segir að Pétur karlinn hafi verið ágengur. Sölvi hafði vissulega keypt alla jörðina en böggull fylgdi skammrifinu. Sögur hafa lifað með fjölskyldum afkomenda þeirra hjóna, að hann hafi ekki þolað m.a. hversu heimaríkur Pétur gamli var, en hann á m.a. að hafa laumast að næturþeli og fært til merki o.þ.h. hugsanlega í slægjum, á þeim hluta heimajarðarinnar sem hann hafði til afnota.

Amma sagði að sauðfé Sölva hafi verið mjög erfitt viðureignar eftir að það kom í Reykjahlíð, þar sem það sótti austur um í áttina að Grímsstöðum sem vonlegt var og voru smalamennskur mjög erfiðar, en þau hjón áttu þá sex dætur en engan son á lífi.

Þá hjón bjuggu aðeins í tvö ár í Reykjahlíð og 1895 seldu þá jörðina Einari Friðrikssyni bónda í Svartáarkoti, bróður Maríu Friðriksdóttur á Sigurðarstöðum, sem síðar varð tengdamóðir Ömmu Jónínu og þeir Sölvi og Einar skiftu sín á milli um bústaði. Í Svartáarkoti var vitt til veggja og landrými gott fyrir sauðfé og undu þau þar vel hag sínum.

Amma Jónína sagði, að það hefði verið dauft og dapurlegt í bænum um jól og áramótin 1895-1896, enda lá Hródný Aðalbjörg systir hennar þá á líkbörunum í bænum, en hún lést aðeins 19 ára gömul úr bráðaberkum 19. desember og var jarðsett 4. janúar 1896.

Þau Sölvi og Anna Steinunn hugðu sér enn til hreyfings og keyptu jörðina og höfuðbólið Kaupang í Eyjafirði vorið 1902 og áttu hana skuldlausar er þau fluttu þangað vorið 1902. Þau hættu búskap 1905 og Sölvi lést tæplega sjötugur, 14.3.1907 en Anna Steinunn var í Kaupangi hjá dóttur sinni Ingibjörgu og manni hennar og lést 63 ára gömul, hinn 22. júní 1910.

3. Þuríður Jónsdóttir langamma í móðurætt.

Þuríður Jónsdóttir (f.13. des.1825-d. 23. okt. 1898) smiðs og bónda í Skarðshlíð undir Eyjafjöllum og á Stórólshvoli í Hvolhreppi, Sigurðssonar bónda þar og Ingibjargar Jónsdóttur bónda frá Hlíð undir Eyjafjöllum. Foreldrar hennar voru komin af góðu bændafólki í Skaftafells- og Rangárvallasýslu. Sumarið 1852 var Þuríður ráðskona í Djúpadal í Hvolhreppi, en þar var selstaða frá Stórólshvoli, þegar Guðmundur Brynjólfsson*) langafi minn (f.23.10.1794-d.12.4.1883) og bóndi á Keldum kom þangað og bað hana að koma að Keldum sem ráðskona og taka að sér heimilið þar.

Guðmundur hafði þá misst aðra konu sína og var með stóran barnahóp, sín eigin og börn konu sinnar frá fyrra hjónabandi hennar. Þuríður fór með honum að Keldum og þau giftust í júlí sama ár. Hún var þá 26 ára en hann 57 og hafði hann þá þegar eignast 15 börn.

Sambúð þeirra Guðmundar langafa og Þuríðar langömmu varð hin besta og entist í tæplega 31 ár, allt til dánardags hans 12.4.1883



Þuríður með Aldisi↑
(f.14.11.1896) elsta barn
Svanborgar og Skúla.

“Þuríður sál. var atgerviskona hin mesta og leysti störf sín sem húsmóðir prýðilega af hendi. Í heimilisstjórninni sem hún hafði á hendi í 45 ár, kom hvarvetna fram stök reglusemi svo í smáu sem í stóru, enda var heimili hennar, eins í þessu sem öðru, fyrirmyndarheimili. Umgengni hennar og dagfar var hið friðsamlegasta. Manni sínum var hún hin besta stoð í elli hans og börnum sínum hin umhyggjusamasta móðir til hins síðasta. Ef félagið má og sakna hennar einnig, vegna þess að hún lagði um mörg ár mikinn skerf til almenningsþarfa og síðast, en ekki síst, fyrir hin góðu áhrif sem hún hafði á aðra. Það má því með sannni segja, að hér sé góð og merk kona til moldar gengin, og þegar verður getið nýtra sæmdarkvenna þessa lands, má nefna nafn Þuríðar frá Keldum”. (Sr. Skúli Skúlason í Þjóðólfi 13. janúar 1895).

Vigfús Guðmundsson yngsti bróðir afa míns (f.1868-d.1952) lýsir móður sinni svo í bók sinni Keldur: “Hún var góð og skyldurækin móðir og svo var henni vel til hjúa sinna og voru þau mörg stöðug í vistinni hjá þeim hjónum, uns þau fóru sjálf að búa. Hún var gæðakona, góðlynd og hæglát og veitul”.

Þau Þuríður og Guðmundur áttu saman 13 börn og var Skúli á Keldum, móðurafi minn, hið 9. þeirra í röðinni (f. 25.okt. 1862). Þuríður langamma lifði Guðmund sem lést 12. 4. 1883. Þuríður langamma hélt áfram búskap og synir hennar, Jón b. á Ægisíðu og síðar Skúli afi minn, voru ráðsmenn hennar. Hún lést á Keldum 23 okt. 1898, þá tæplega 73 ára gömul.

*) Rit um líf og æfi Guðmundar Brynjólfssonar, eftir höfund pistla þessara er m.a. að finna á Landsbókasafninu, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Þjóðminjasafninu.

4. Aldís Pálsdóttir, langamma í móðurætt.

Aldís (f.24.8.1832-d.14.12.1904) var dóttir Páls Jónssonar bónda á Brúnastöðum í Hraungerðishreppi og Svanborgar Magnúsdóttur frá Hvammi í Kjós. Hún giftist 31.10.1862 Lýð Guðmundssyni (f. 22.7.1831-d.9.7.1918) frá Hlíð í Gnúpverjahreppi og bjó í Hlíð til dauðadags. Þau eignuðust 6 börn og

Svanborg amma mín var elst þeirra, f.1.8.1863.

Aldís Pálsdóttir yngri (f.1905-d.2002) sagði, að í Hlíð hefði verið afar föst regla á hlutunum. Þar hafi verið föst venja að allir væru komnir í rúmið kl. 10 á kvöldin, en það var líka föst regla að fara snemma á fætur og að ekki hefði verið unnið minna þar en á öðrum bæjum. Sagt hefði verið, að maður tæki ekki svo mikið sem beisli, hvað þá meira, án þess að Aldís vissi af því.

Aldís langamma var sögð hafa verið mjög stjórn-söm og reglusöm í háttum, en Lýður maður hennar var sagður hafa verið hægur og rólyndur.

Aldís langamma og Lýður langafi voru á Keldum í brúðkaupi Svanborgar ömmu hinn 20.6.1895, en hún kom líklega ekki að Keldum eftir það.

Aldís lést í Hlíð 72 ára gömul, 14. des. 1904 og Lýður lést einnig þar 24.8.1918.



Aldís og Lýður í Hlíð ➤

Hér á eftir skulu rifjaðar upp minningar um góðar og kærar ömmur mínar, sögu þeirra og sögur sem þær sögðu okkur bræðrunum.

Jónína Sölvadóttir (Amma Jónína)-föðuramma.

Foreldrar hennar voru Sölvi Magnússon frá Nesi í Loðmundarfirði og Anna Steinunn Einarsdóttir frá Brú á Jökuldal. Þau bjuggu á heiðarbylin Grunnavatni, en amma fæddist heima hjá afa sínum og ömmu sem bjuggu á Brú.

Ég fæddist á heimili foreldra minna á Sigurðarstöðum í Bárðardal, hinn 20. febrúar 1938. Afi minn Jón Jónsson yngri hafði látist 26.2.1935, ári áður en móðir mín kom að Sigurðarstöðum. Foreldrar mínir voru Sigurður Jónsson smiður og bóndi frá Sigurðarstöðum og Kristín Skúladóttir frá Keldum á Rangárvöllum. Þau bjuggu á Sigurðarstöðum ásamt Sölva bróður föður míns, konu hans og börnum. Á nýbýli í túnfæti Sigurðarstaða er nefndist Sunnuhvoll, bjó svo þriðji bróðirinn Gunnlaugur, ásamt fjölskyldu sinni.

Í heimilinu á Sigurðarstöðum voru einnig Þuríður Jónsdóttir afasystir mín, sem allir kölluðu "frænku" og Amma Jónína. Þarna var því góð og samhent stórfjölskylda. Faðir minn lést aðeins þrítugur að aldri, hinn 24. okt. 1939. Ég var þá 19 mánaða gamall, en Sigurður bróðir minn var þá aðeins 3 vikna. Móðir mín hélt áfram búskapnum um sinn og Amma Jónína annaðist mig og sagði mér sögur.

Ömmu Jónínu fannst mjög gaman að ferðast og vílaði ekki fyrir sér langar ferðir á hestum og svo síðar með bílum þegar hún kom suður á land til þess að heimsækja okkur bræðurna eftir að við fluttumst úr Bárðardalnum. Hún heimsótti okkur suður á land a.m.k. fjórum sinnum, síðast kom hún sumarið 1951 að Hemlu í Landeyjum þar sem við áttum þá heima og var hjá okkur í tvær vikur. Alltaf voru fagnaðarfundir og okkur þótti svo undur vænt um hana og henni um okkur. Hún þreyttist ekki á því að segja okkur sögur um líf sitt og minningar sínar og ég þreyttist ekki á því að hlusta á hana.

Amma Jónína árið 1907 ➤

Amma Jónína sagði mér, að Sölvi faðir sinn hefði verið vinnumaður á Brú, veturinn 1864-1865. Þá var hann 27-28 ára (f.25.8.1837-d.14.3.1907), mjög fjárglögur, efnilegur bóndi og myndarmaður. Heimili hans leystist upp eftir að Magnús Einarsson faðir hans,



bóndi í Loðmundarfirði lést. Hann hafði átti 12 börn, 8 þeirra voru þá á lífi og raunar komin á legg. Ein systir Sölva, Katrín að nafni, flutti til Vesturheims 1878 og fréttist ekkert af henni, fyrr en undirritaður komst fyrir nokkrum árum að örlögum hennar í Minnesota, en hún lifði fram yfir áttætt og átti marga afkomendur vestra, en það er önnur saga.

Amma Jónína sagði að móðir sín hefði á Grunnavatnsárunum, átt 6 fyrstu börnin á Brú hjá móður sinni. Næstu 3 átti hún í Svínadal og 5 hin síðustu fæddust á Grímsstöðum á Fjöllum, 14 alls. Amma Jónína fæddist á Brú, 22. apríl 1874 og var hið 6. í röðinni og ein fimm systra sem komust til fullorðinsára. Níu systkini hennar létust ung að aldri, þar af voru 4 eldri en hún. Flest létust úr barnaveiki, en tvær systur hennar létust um títugt.

Illu horfði um framhald búskapar á Jökuldal og á Jökuldalsheiði, eftir Öskjugosið mikla sem hófst í janúar 1875, bæði hvað snerti fjárbeit og heyöflun. Þau hjón voru þá nýlega flutt að Klausturseli í Jökuldal, sem var mun vænlegri til búskapar en Grunnavatn. Nú beið Sölvi ekki boðanna og leitaði jarðar til ábúðar og hann gat fengið Svínadal inn af Kelduhverfi. Um vorið 1875 tóku þau hjónin sig upp með börn og buru eins og fleiri á þessum landshluta, fluttu burt með 4 börn sín að Svínadal, en þá höfðu misst tvö fyrstu börn sín ung.



Amma Jónína eins og ég man hana um 1950. Hún var alltaf svo

fin og falleg og allir í fjölskyldunni kölluðu hana "Ömmu Jónínu"

Amma Jónína sagði mér, að hún hefði farið þessa leið í litlum heymeis (laup) sem hékk á klakki klyfbera á móti öðrum farangri foreldranna, en hún var þá rétt um eins árs gömul og flutningurinn var auðvitað fyrir hennar minni. Geta má nærri, að ferðalagið hefur verið erfitt með börn, búslóð og búfé yfir fjöll, firnindi og jökulár. Í Svínadal bjuggu þau til 1883, en fluttu þá að Grímsstöðum á Fjöllum og síðan í Reykjahlíð við Mývatn, sem þau keyptu 1893.

Amma Jónína var afar góð og blíð kona, og mamma sagði að hún hefði verið mjög jafnlynd, blíð og skapgóð. Hún var mjög viðkvæm og táraðist oft þegar hún var að segja mér frá dapurlegum atburðum úr æsku sinni, svo sem systkinamissi o.fl. en var svo kát og glöð þegar skemmtilegar minningar streymdu fram. Hún var, eins og

áður sagði, í heimilinu hjá okkur á Sigurðarstöðum og annaðist okkur bræður frá því fyrsta og lét sér mjög annt um okkur.

Amma Jónína mundi fyrst eftir sér í Svínadal, þar sem nú er þjóðgarður og enginn kemst að gamla bæjarstæðinu nema gangandi og það er all löng leið. Bærinn Svínadalur stóð í samnefndum dal. Hinir nafnkunnu Hljóðaklettar blasa við í dálitilli lægð vestan Jökulsár og svo áin sjálf í hvítfyssandi strengjum. Frá Svínadal blasa við til austurs og norðausturs mýrar með starartjörnum, kletta- og klapparholtum og síðan Jökulsárgljúfrið, en í suðaustri er fyrst allstór mýri og síðan mynnið á Hólmatungum, sem eru með frjóari og fegurstu blettum norðanlands og þótt víðar væri leitað.

Hún sagði mér sögur úr bernsku sinni í Svínadal og flestar sögur hennar voru raunar þaðan. Hún sagði frá ævintýraheiminum í umhverfi Svínadals og við Hljóðakletta og staðurinn var í hennar huga sem paradís á jörðu. Sögur hennar voru skemmtilegar og ég drakk þær í mig og á eðlilega miklar og hlýjar minningar um hana í huga mér. Ég var 4-5 ára gamall á árunum með Ömmu Jónínu og man ekki nákvæmlega söguþræðina, en hrifning hennar á staðnum og sögurnar þaðan gagntóku mig og enn gleymast aldrei. Svo er einnig um frændsystkini mín á þessum árum á Sigurðarstöðum og á Sunnuhvoli, sem þó voru öll aðeins eldri en ég. Einhvern veginn gæddi Amma Jónína þessar sögur og lýsingar sínar á staðháttum og ævintýrum sínum í bernsku svo miklum ævintýraljóma, að ég var sem bergnuminn. Því miður kom ég ekki í Svínadal og skoðaði þessar slóðir, fyrr en árið 1970 og staðurinn hafði mikil áhrif á mig og mér fannst andi ömmu Jónínu vera þar.

Amma Jónína hafði litla kúlu eða hnúð vinstra megin efst á enninu. Ég spurði hana auðvitað hvað þetta væri. Þá sagði hún mér sögu um nautkál í Svínadal, sem hefði rekið annað hornið í ennið á henni, þegar hún var 8 eða 9 ára. Ótrúleg heppni að hornið fór ekki í augað, en ennisbeinið laskaðist og þar myndaðist þessi beinhnútur sem hún bar alla æfi

síðan. Mörg ár eftir þetta var ég hræddur við hyrnda nautgripi og raunar hálf smeykur líka við hyrndar skepnur. Dettur alltaf Amma Jónína í hug, þegar ég sé líka hyrndan nautgrip.

Ótrúlegt en satt, að báðar ömmur mínar voru sendar í Kvennaskólann í Reykjavík, þar sem ég síðar kenndi á árunum 1959-1965. Amma Jónína var í Kvennaskólanum a.m.k. veturinn 1892-1893. Því miður hafði ég ekki vit til þess að fá ferðasöguna hjá henni, eða frásögn um það hvar hún hélt til í Reykjavík eða hjá hverjum.

Hún sagði mér sögur um það sem hún sá í Reykjavík. Hún sagði mér frá fundi sem svo kallaðir "vesturfarar agentar" eins og þeir voru kallaðir, sem hvöttu fólk til Vesturfara, héldu í Reykjavík þá um veturinn. Hún fór á fundinn og var að vonast til þess að geta spurt þá um föðursystur sína Katrínu sem vestur fór og grennslast fyrir um örlög hennar, en engar fréttir höfðu borist af Katrínu frá því að hún fór til Vesturheims árið 1878. Fundurinn leystist upp vegna hávaða og mótmæla fundarmanna, sem kærðu sig ekkert um vesturfarasögur. Ömmu Jónínu fannst slæmt að geta ekki spurt mennina en samt svolítið skemmtilegt á fundinum og fann til ættjarðarástar innra með sér.



2. bekkur Kvennaskólans í Reykjavík, 1892–1893. Amma Jónína er önnur frá hægri í aftari röð.

Amma Jónína var mikil hannyrðakona og mjög flink í höndunum. Hún fékk þau skilaboð heiman frá Grímsstöðum þennan vetur, að hún skyldi þá um vorið koma að Reykjahlíð við Mývatn, þar sem þau væru að flytja þangað. Amma Jónína sagði að sér hefði þótt þetta góðar fréttir og orðið heldur glöð við, þar sem henni féll aldrei vel á Grímsstöðum og hlakkaði til þess að koma að Reykjahlíð.

Í Reykjahlíð 1893 →

Á myndinni má sjá frá vinstri talið: Sölvi Magnússon, Anna Steinunn Einarsdóttir, Nikolína Sölvadóttir 5 ára, Amma Jónína 19 ára og nýkomin norður úr vetrardvöl í Kvennaskólanum í Reykjavík, Guðrún Aðalbjörg Pétursdóttir fóstursystir ömmu 12 ára, Vilborg Halldóra Sölvadóttir 9 ára, Guðrún Solveig Sölvadóttir um 25 ára, vinnukona sem ber í kirkjudygnar og loks er (líklega) fylgdarmaður ljósmyndarans.



Amma Jónína sagði mér, að þegar afi minn, Jón Jónsson (f.1875-1935) var ungur maður, hefði hann farið á skemmtun frá Sigurðarstöðum að Grænavatni í Mývatnssveit. Þegar fólkið var að fara heim eftir skemmtunina, sá hann hvar falleg stúlka með langar dökkar fléttur snaraði hnakk hans frá sér, en hnakkurinn hafði legið á söðli hennar. Jón á Sigurðarstöðum hafði þá spurt hver þetta hefði verið og fékk það svar að þetta væri Jónína dóttir Sölva í Reykjahlíð! Þetta hafði afi sagt henni miklu síðar, en amma mundi eftir þessum freka strák, sem lét hnakkinn sinn ofan á söðulinn hennar. Þetta voru þeirra fyrstu kynni.

Sölva leiddust þrengslin og þéttbýlið í Mývatnssveit og þau hjón skiftu á jörð við Einar Friðriksson bónda í Svartárkoti vorið 1985 og fluttu þangað með sex dætur sínar sem eftir lifðu að 14 börnum sem þau höfðu eignast á árunum 1866-1890 og fósturdóttur sinni, Guðrúnu Aðalbjörgu Pétursdóttur f. 5.6.1881, sem þau höfðu tekið að sér ungabarn, árið 1881 frá fátækum hjónum sem skildu.

Amma sagði mér, að veturinn 1895-1896 hefðu hross frá Sigurðarstöðum gengið úti á afrétti suður af Bárðardal. Jón Jónsson (f.1875) sonur Jóns eldra (f.1844) var sagður sprækur og hress ungur maður. Hann fór nokkrum sinnum léttfættur sagði amma, um veturinn að vitja þeirra og kom oft við í Svartárkoti og gisti þar. Fólkinu hans á Sigurðarstöðum fannst hann hafa grunsamlega mikinn áhuga á útígangshrossunum, en brátt kom í ljós, að áhugi hans var meiri á lágvöxnu, laglegu, brúneygu og snareygu heimasætunni í Svartárkoti. Þau giftu sig 18.6.1897, hófu búskap á Sigurðarstöðum og eignuðust þar sex börn, Sigurður faðir minn var næst yngstur þeirra, f. 1909.

Amma Jónína sagði mér frá Önnu Elisabetu systur sinni, sem var 4-5 árum eldri en hún og áður var sagt frá í þættinum um Önnu Steinunni langömmu. Amma sagði líka frá systur sinni Hróðnýju Aðalbjörgu sem var 2 árum yngri en hún, svo og frá fimm öðrum systkinum sínum sem létust ung í minni hennar. Mér er það í fersku minni, að amma Jónína átti erfitt að halda aftur af tárunum, þegar hún minntist á þessar tvær systur sínar.



Móðir mín hélt búskapnum áfram eftir lát föður míns til vors 1943, en þá brá hún búi og flutti með okkur bræðurna, til foreldra sinna suður að Keldum á Rangárvöllum. Þá var ég rúmlega 5 ára og Sigurður bróðir minn 3½ árs. Söknuður Ömmu Jónínu var sár og mér er það mjög í minni að Amma Jónína grét þegar hún kvaddi okkur bræðurna.

Mamma og við bræðurnir heimsóttum ömmu svo vorið sem ég var fermdur 1953 og okkur var heldur betur fagnað á Sigurðarstöðum. Við vorum þar í viku eða svo og fórum með ömmu suður í Svartárkot, þar sem Hermann Benediktsson átti heima, en hann hafði verið ráðsmaður og hjálparhella mömmu eftir að pabbi okkar dó.

Í Svartárkoti vorum við heilan dag og amma sýndi okkur allt sem hana langaði til þess að við sæjum. Amma Jónína fékk tár í augun þegar hún minntist á Hróðnýju Aðalbjörgu systur sína, sem lést þar 19 ára gömul úr bráðaberkjum 19 desember 1896.

➤ *Hér er mynd sem tekin var á Keldum sumarið 1944.*

Þá kom Amma Jónína í suður í heimsókn að Keldum, til þess að hitta okkur bræðurna og mömmu. Við bræðurnir sitjum þarna á vegg við kirkjugarðinn milli Svanborgar ömmu og Ömmu Jónínu.

Röðin er þessi: Svanborg amma, Skúli Jón, Sigurður og Amma Jónína.

Amma Jónína sagði mér frá því, að hún hefði átt vinkonu, sem var húsmóðir í Hriflu í Köldukinn. Eitt sinn bar svo við, að bærinn í Hriflu brann og mest allt innbúið tapaðist og m.a. missti húsmóðirin peysufötin sín og öll sín spariföt. Amma jónína frétti þetta og sendi henni strax peysufötin sín og bað hana að eiga þau. Þær vinkonurnar voru líkar í vexti og álíka stórar. Amma kom sér brátt upp nýjum peysufötum og því sem þeim tilheyrði.

Amma Jónína lést eftir stutta legu, hinn 23. júlí 1954. Ég man að við bræðurnir vorum að koma heim úr heyskap um kvöldið, þegar mamma færði okkur þessar fréttir. Við syrgðum ömmu Jónínu mjög og gleymum henni, persónu hennar og sögum hennar aldrei.

Svanborg Lýðsdóttir, móðuramma.

Amma Svanborg var fædd 1.8.1863 í Hlíð í Gnúpverjahreppi. Foreldrar hennar voru Lýður Guðmundsson (1831-1918) frá Hlíð og Aldís Pálsdóttir (1832-1909 frá Brúna-stöðum í Flóa, en þau bjuggu allan sinn búskap í Hlíð. Amma elst 6 systkina og hún var tvíburi, en tvíburabróðir hennar dó í fæðingunni.

Þau Lýður og Aldís voru sögð vel gefin og mikið í þau spunnið. Lýður var hreppstjóri og ágætur smiður, bæði á tré og málma og Aldís sköruleg húsfreyja. Lýður var á undan samtíð sinni í ýmsu, t.d. má nefna það að hann gaf hundum sínum tvisvar á ári ormalyf gegn sullaveiki í mönnum og hefur það verið fátítt eða einsdæmi á þeim árum.

Amma Svanborg var meðalkona að vexti, með ljóst hár á yngri árum, en með sitt og grátt hár á efri árum og með góðlegan svip. Hún fléttaði hár sitt og setti jafnan upp skotthúfuna sína við hátíðleg tækifæri. Hún var einn vetur í Kvennaskólanum í Reykjavík og var fram úr skarandi dugleg í bóklegum greinum og afar flink í handavinnu.

Amma var heima í Hlíð hjá foreldrum sínum, en ekki veit ég með vissu hvernig leiðir hennar og afa míns Skúla Guðmundssonar á Keldum lágu saman, en þau voru skyld í 4. og 5. lið, frá Bjarna Halldórssyni og Guðríði Eyjólfsdóttur, forfeðrum Víkingslækjarættar. Skúli afi minn var næst yngstur 4 sona Guðmundar Brynjólfssonar á Keldum af síðasta hjónabandi hans, en alls átti Guðmundur 28 börn.

Afi og amma giftust á Keldum 20. júní 1895. Mamma mín sagði, að Stóra-Skemma hefði verið rýmd, tjaldaðir veggir og jafnframt stór tjaldbúð reist fram af skemmu-dyrnum. Þuríður langamma hafði búið á Keldum með börnum sínum eftir lát Guðmundar langafa og Skúli afi var ráðsmaður hennar nokkur síðustu árin. Ungu hjónin tóku við búinu 1895 og bjuggu saman á Keldum í 51 ár þar til afi dó 1946.

Amma var búskörungur mikill og kunni til allra inniverka sagði mamma. Hún dreif áfram ullariðnaðinn, einkum þótti henni ganga að spinna, en spunnið var í baðstofunni bæði á daginn og á kvöldin áður fyrr. Mamma sagði að hún hefði undirbúið marga vefi á hverjum vetri og óf oft sjálf, ýmist marglitar ábreiður á rúm, ullarundirlök, í nærföt, millipils og skyrtur og jafnvel í utanyfirföt, pils, buxur og jakka. Einnig saumaði hún föt, það hafði hún lært þegar hún var í Kvennaskólanum í Reykjavík.

Amma og afi nýgift 1895 ➤



Amma var fróðleiksfús

og vildi að við bræðurnir lærðum sem mest og mamma tók sannarlega undir það. Hún kom því til leiðar að tvær yngstu dætur hennar, Helga og mamma menntuðu sig og báðar fóru þær í Kennaraskólann upp úr tvítugu og störfuðu sem kennarar við góðan orðstír um árabíl. Amma sagði að afa hefði ekki verið mikið áfram um þetta og að Guðmundur bróðir mömmu hefði átt að ganga menntavegin, en ekki verða alla æfi vinnumaður og nánast þræll annarra, eins og raunin varð.

◀ Amma Svanborg með okkur bræðurna (SJS til hægri).

Amma var áttæð þegar við bræðurnir komum að Keldum 1943. Þá var ég 5 ára og Sigurður bróðir minn var 3 ára. Hún hélt þá enn þeim vana sínum að spinna á daginn, við hespuðum fyrir hana og undum bandið upp í hnykla. Hún sagði okkur sögur á meðan og sögurnar voru ýmist frá yngri árum sínum í Hlíð, eða þá sögur úr Íslendingasögunum, sem allar voru til á Keldum og við lásum þær, en þær voru mis-skemmtilegar. Sturlunga var ljót en Njála var okkar saga. Við kunnum hana næstum utanbókar, en Njála var uppáhaldssagan á heimilinu og amma og mamma lifðu sig næstum inn í hana. Keldur og næsta umhverfi var líka einn aðalsögustaðurinn í Njálu og Sturlungu.

Fyrir kom að amma sagði okkur sögur úr Bibliunni, en þær fundust okkur ekki eins skemmtilegar. Annars var glettilega gaman að því að lesa sögur í Gamla Testamentinu. Sumt líktist Íslendingasögunum og þar var sagt frá bardögum og vígaferlum.

Amma hafði dottið af hestbaki og lærbrotnaði árið 1926 og gekk ávallt skökk og hölt eftir það. Þannig var hún allan þann tíma sem ég man eftir henni. Hún var líka órugg þegar hún þurfti að ganga eitthvað utandyra ef jörð var ekki alauð, þurr og vindur hægur. Hún notaði ekki staf, en öruggara þótti að leiða hana t.d. út í kirkju að vetrarlagi. Ömmu þótti mjög gaman af því að taka hrífuna sína og koma út í flekk, t.d. þegar verið var að snúa heyi. Þá var gaman að vera með ömmu, sem sagði okkur sögur og oft gekk lítið með heyvinnuna.

Ömmu var ekkert um að við færum inn í Leynigöngin á Keldum, þau lágu frá Skálanum út í hlaðvarpann og móðurbræður okkar fundu þau um 10 árum áður. Amma skýrði fyrir okkur hvaða hlutverki þau áttu að gegna á ófriðartímum. Ingjaldur á Keldum sem segir frá í Njálu og Hálfðan Sæmundsson maður Steinvarar Sigvatsdóttur í Sturlungu lifðu á ófriðartímum og urðu að vera varir um sig. Við bræðurnir fórum einu sinni inn í botn þeirra og vorum þá með vasaljós, sem Amma Jónína hafði sent okkur í jólagjöf 1945.

Amma hafði fallega söngrodd og var lagviss. Hún raulaði sannarlega við rokkin sinn og fór þá með vísur og rímur. Löngu seinna uppgötvuðum við bræðurnir, að hún hafði í raun og veru verið að kveða, eins og gert var í baðstofunum í gamla daga. Við lærðum bæði texta og lög af henni og þótti það mikið skemmtilegra en sálmarnir, sem við lærðum nánast ósjálfrátt við messur í kirkjunni hans afa.

Keldur eru ævaforðn kirkjustaður og þar var kirkja sem Guðmundur langafi reisti 1874 og var í eigu afa og ömmu (bændakirkja). Kirkjan var ekki aðeins sóknarkirkja í fámennri Keldnasókn, hún var kirkjan okkar og eitt af bæjarhúsum í okkar huga. Amma var mikil trúkona og lagði mikla áherslu á að við bræðurnir ælumst upp í kristnum og góðum siðum. Hún var mjög guðrækin og afar kirkjurækin og líklega það sem kallast „Guðhrædd“ manneskja.

Amma Svanborg söng oft ljóð og sálma og fór með bænir og kirkjan var hennar uppáhaldsstaður. Hún hélt Passíusálmunum, fyrirbænum og alls konar versum fast að okkur bræðrunum og átti vafalítið þá heitustu ósk að við Siggi, annar hvor eða helst báðir, yrðum prestar seinna meir. Það var líka sjálfssagður hlutur að fara í messu þriðja hvern sunnudag þegar messað var á Keldum. Þá sátum við hjá ömmu og mömmu á krókbekknunum og fylgdust vel með öllu. Svo var líka óaðskiljanlegur þáttur í Jólahátíðinni, að amma fór fyrir þegar heimilisfólkið gekk til kirkju á aðfangadagskvöld og við sungum jólasálmana þar.

Við bræðurnir sátum alltaf hjá ömmu á bekknum, sem var í eins konar vinkil framan við fótstall predikunarstólsins og fylgdumst vel með öllu. Mér fannst sem amma væri hálf hrædd við Guð, en hún bar þó mikla lotningu fyrir honum. Ég ímyndaði mér stundum að nú vissi ég hvað væri að vera Guðhræddur. Stundum fannst mér að amma gengi of langt í að gera okkur bræðurna vel Guðhrædda, en við létum ekki á neinu bera.

Amma fór út í kirkju að biðjast fyrir, þegar eitthvað amaði að. Ég minnst þess, að Helga systir mömmu veiktist alvarlega eftir áramótin 1946-47 af Akureyrarveikinni svokölluðu. Hún átti 5 ung börn og allir voru mjög áhyggjufullir vegna veikinda hennar. Eitt sinn vildi ég ná fundi ömmu, en fann hana alls ekki, hvar sem ég leitaði. Loksins fann ég hana, hún var þá krjúpandi við gráturnar framan við Altarið í kirkjunni og var að biðja Guð að hjálpa Helgu. Guð gat það ekki og Helga dó nokkru síðar. Ekki minnkaði þó guðhræðsla ömmu við það.



*Svanborg amma og Skúli afi 1945 ↑
og við bræðurnir við bæjardýrnar*

Svo kom niðurstaðan og þá voru nánast allir fylgjandi þessu. Íslenski fáninn var keyptur og hengdur upp í kirkjunni hans afa og mér fannst hann fallegur. Hinn 17. júní sátu allir við útvarpið og hlustuðu á það. Hátiðastemming var, amma fór í sparifötin sín og veislukaffi og bakkelsi var á borðinu í gömlu stofunni á Keldum. Mamma fór út í kirkju og hringdi kirkjuklukkunum þegar lýðveldið hafði verið stofnað.

Ég man eftir því þegar þjóðsöngurinn frá 1874 var sunginn eftir lýðveldisstofnunina. Amma var hrifin af textanum enda var þjóðsöngurinn sálmur, en mamma var ekki eins hrifin því hún vildi fá nýjan þjóðsöng fyrir lýðveldið, svo sem eitthvað þjóðlegt kvæði sem raunar kom fram líka og ég man að mamma vildi að "Hver á sér fegra föðurland" yrði þjóðsöngur okkar.

Svanborg amma í skautbúning úti í kirkju 1946 →

Amma var mikill dýravínur og brýndi fyrir okkur að vera nærgætnir við dýrin og helst umgangast þau eins og persónur. Við reyndum eftir bestu getu og tókum upp á því að gefa öllum dýrum nafn, svo sem kettinum sem fékk mannsnafn og þessu hældum við áfram fram á unglingsár. Amma sagði okkur sögur af hundinum í Hlið í bernsku sinni, en enginn hundur var þá til á Keldum. Okkur fannst það rétt sem amma sagði, að ef við umgengust dýrin eins og börn eða jafninga okkar, þá eignuðumst við trygðavini.

Lýður faðir ömmu var vel stjörnufróður og kenndi börnunum sínum, þar á meðal ömmu, að þekkja helstu stjörnur himinsins. Amma kenndi börnum sínum að þekkja stjörnur og sýndi þeim helstu stjörnumerkin. Þegar við komum til sögunnar, vildi hún kenna okkur þetta, en oft var mjög kalt þegar stjörnubjart var og mamma fór oft en amma með okkur í svona kennslustundir. Ekki sást til næstu bæja á Keldum og það var gaman að virða fyrir sér stjörnur, stjörnumerkin, Vetrarbrautina og Norðurljósin í svarta myrkri, eða í tungsljósi á heiðskírum vetrarkvöldum.

Amma sagði okkur sögur af Heklu og þeim ógnum sem þar bjuggu undir. Hún sagði okkur frá því, þegar pabbi hennar var 14 ára gamall haustið 1845 að smala fé uppi á Hliðarfjalli í Hreppum. Allt í einu kom jarðskjálftakippur, hann fleygði sér niður og sá sér til skelfingar að mikill reykjarmökkur steig upp af Heklu gömlu, en hún var sem betur fer langt í burtu. Amma sagði að pabbi sinn hefði orðið smeikur og féð sem hann var að reka, tók á sprett í allar áttir.

Amma og mamma sögðu okkur líka sögur um lífið á Keldum, þegar jarðskjálftar riðu yfir, svo sem 1896 og mikla jarðskjálftann sem mamma upplifði 1912. Þá féllu og aflöguðust margir hlaðnir grjótveggir á Keldum, þar á meðal veggir í gamla bænum okkar. Við bræðurnir bárum óttablandna virðingu fyrir Heklu og vissum að einhverntíma mundi hún láta til sín heyra, en það var langt í það - vonandi.

Skúli afi minn var íhaldsmaður af lífi og sál, hann var „Riddari af Dannebrog“ og þau amma héldu upp á dönsku kóngana. Þó held ég að þau hafi verið miklir fylgismenn þess að Ísland segði sig úr tengslum við Danmörku. Ég man eftir umræðunum á Keldum. Afi, amma og mamma vildu öll að Ísland yrði lýðveldi, en vildu bíða með að slíta sambandinu þar til að styrjöldinni væri lokið og eðlilegt samband komið aftur á við Danmörku. Þeim fannst lúalegt að „stinga af“ meðan Danmörk var í herkví Þjóðverja. Talsverðar umræður voru um þetta og amma sagði okkur sögur af danakonungum.



Svo var það snemma morguns 29. mars var afar fallett veður, alauð jörð á Keldum, heiður himinn, hægur norðan vindur og nokkuð frost. Mamma og Gummi fóru alltaf snemma á fætur til þess að gefa kúnum og mjólka þær. Mamma var búin að mjólka kýrnar og var inni í Búrinu í gamla bænum okkar að skilja mjólkina þegar hún fann jarðskjálftakippinn sem kom þegar gosið byrjaði. Henni varð heldur en ekki hverft við og auk þess heyrði hún undirgang og hélt að hrossahópur væri að hlaupa um hlaðið. Hún flýtti sér út og sá þá hvar reykjarbólstur gaus upp úr Heklu. Við bræðurnir sváfum í sama herbergi og mamma og amma. Allt í einu vaknaði ég við það að rúmið mitt tók kipp og færðist frá veggnum. Ég leit upp en ekkert var að sjá.

Skyndilega kom mamma inn með miklum asa og sagði: „Ég held að Hekla sé farin að gjósa”!! Amma reis þá upp í rúmi sínu og sagði skelfingu lostin; „Guð hjálpi okkur”!!! Þá var okkur Sigga bróður nóg boðið þegar við heyrðum viðbragð ömmu og við þutum út á nærfötunum. Þar gaf að líta sjón, sem ekki gleymist, en engin var myndavélin á bænum. Nánast þráðbeint upp úr Heklu stóð geystmikill reykjarstrókur, sem var þó enn ekki kominn mjög hátt.

Vindur var greinilega hægur á norðan í efri loftlögum og nú fór kolsvartan mökkinn að leggja í suður í áttina að Tindfjöllum og að Þrihyrningi, en við sáu fljótt að ösku- eða vikurfall var hafið undir mekkinum, því það var eins og það rigndi gráu og svörtu úr honum. Brátt sáu við mikil leiftur eða eldingar í mekkinum og amma sagði það vera „reiðarslög” og talaði um að vesalings fólkið á Krókbæjunum fengi vonða sendingu frá Heklu. Kötlugosið 1917 var ömmu í fersku minni og hún sagði okkur frá því að biksvarta myrkur varð um miðjan dag, þegar gosmökkinn lagði yfir efstu bæi á Rangárvöllum svo sem Keldur.



Svanborg amma með hrífuna sína á níræðisafmæli sínu➔

Á 90 ára afmælisdaginn hennar ömmu, 1. ágúst 1952 vorum við að hirða hey af engjunum í Hemlu. Ég fór heim að hlöðu með heyvagninn og fór að tína baggana af honum.

Amma var ein heima og kom út með hrífuna sína. Ég fór inn og náði í myndavélina mína og tók mynd. Það var síðasta myndin sem tekin var af ömmu Svanborgu..

Amma fékk heilablóðfall 1954 og missti málið. Hún lést 31. mars eftir nokkra daga. Mamma hringdi í mig og sagði mér þetta, en þá var ég í Skógaskóla.

Reykjavík, 13. maí 2015

Skúli Jón Sigurðarson